



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Til ráðneyta og ríkisstofnana

Amarhvoli 150 Reykjavík
kennitala: 550169 - 2829
sími: 560 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
veffang: <http://www.stjr.is/fjr>

Reykjavík, 6. júlí 2001
Tilvísun: FJR01010148/220/GÓS/--

Varðar: Nýjar reglur um rétt starfsmanns vegna veikinda og slysa.

Eins og kunnugt er, hefur verið samið við samtök Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands um nýjar reglur um rétt starfsmanns vegna veikinda og slysa í stað eldri reglugerðar nr. 410/1989, um veikindaforföll starfsmanna ríkisins.

Túlkun og útfærsla hinna nýju reglna er í höndum sérstakrar samráðsnefndar um veikindarétt. Sjá nánar hjálagt kynningarbréf nefndarinnar frá 30. maí 2001.

Athygli er vakin á því að starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytis tekur við erindum til samráðsnefndar frá ráðuneytum og ríkisstofnunum.

F.h.r.

Judinn Ólaf Sigurjónsson / Hlata L. Ljónsdóttir

Hjálagt:

- bréf samráðsnefndar um veikindarétt, dags. 20. maí 2001

Til þeirra er málið varðar

Reykjavík, 30. maí 2001
Tilvísun: FJR01010148/220/GÓS/--

Efni: Samráðsnefnd um veikindarétt hefur verið sett á fót.

Þann 24. október 2001^o gerðu Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands annars vegar og fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs, Reykjavíkurborg og launanevnd sveitarfélaga hins vegar samkomulag um tiltekin atriði er varða réttindi starfsmanna í ofangreindum samtökum. Félag íslenskra leikskólakennara á jafnframt aðild að samkomulaginu, þ.e. skv. sérstöku umboði sem það veitti BSRB.

Um rétt starfsmanns vegna veikinda og slysa er fjallað í 2. kafla samkomulagsins. Þar segir í ákvæði 2.9:

„Setja skal á fót samráðsnefnd. Skal hún skipuð fulltrúum samningsaðila, þremur tilnefndum af hvorum aðila samkomulags þessa. Samráðsnefndin skal fjalla um túlkun og útfærslu einstakra ákvæða um veikindarétt skv. samkomulagi þessu.“


Samráðsnefndin er skipuð með eftirfarandi hætti:


Gísli Tryggvason, framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna, er fulltrúi BHM og Halla S. Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi BHM, er varafulltrúi. Erna Guðmundsdóttir, lögfræðingur BSRB, er fulltrúi BSRB og Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, er varafulltrúi. Ómar Árnason, framkvæmdastjóri Félags framhaldsskólakennara, er fulltrúi KÍ, og Hannes Þorsteinsson, launafulltrúi Félags grunnskólakennara, er varafulltrúi.

Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, lögfræðingur starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis, er fulltrúi ráðuneytisins og Lára Hansdóttir, forstöðumaður launasviðs Ríkisbókhalds, er varafulltrúi. Birgir Björn Sigurjónsson, forstöðumaður kjarapróunardeildar Reykjavíkurborgar, er fulltrúi Reykjavíkurborgar og Fjóla Pétursdóttir, lögfræðingur kjarapróunardeildar Reykjavíkurborgar, er varafulltrúi. Sigurður Óli Kolbeinsson, deildarstjóri lögfræðideildar Sambands íslenskra sveitarfélaga, er fulltrúi Launanevndar sveitarfélaga og Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, forstöðumaður starfsmannahalds Hafnarfjarðarbæjar, er varafulltrúi.

Til þess að samræmd framkvæmd megi verða á ákvæðum um veikindarétt eru stéttarfélög og stofnanir sem í hlut eiga hverju sinni hvött til að bera ágreiningsmál þar að lútandi undir samráðsnefndina.

F.h. samráðsnefndar um veikindarétt


formaður


ritari